



Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Húsnæði fyrir fatlað fólk – R19080069

Á fundi borgarráðs 15. ágúst 2019 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn um úrræði foreldra sem bíða eftir húsnæði fyrir fatlaða einstaklinga.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins er í sambandi við all marga foreldra fatlaðra einstaklinga sem segjast vera úrvinda vegna langrar biðar eftir sérstöku búsetuúrræði. Fullorðnir einstaklingar með fötlun eru heima hjá foreldrum sínum í sumum tilfellum þar sem foreldrar geta engan veginn sinnt þeim ýmist vegna fötlunar þeirra eða veikinda foreldranna. Hér er verið að brjóta á rétti fatlaðs einstaklings sem á rétt á viðeigandi þjónustu frá borginni. Á sumum heimilum eru síðan yngri systkini sem farin eru að sýna streitu- og vanlíðunareinkenni vegna aðstæðna. Þetta fólk hefur verið að banka upp á svo mánuðum og jafnvel árum skiptir í þeirri von að fá sérstakt búsetuúrræði fyrir fullorðin fötluð börn sín. Hvað eiga þessir foreldrar að gera í þessari stöðu? Borgin hefur nýlega keypt hús á Hringbraut fyrir fatlaða einstaklinga og því ber að fagna. En betur má ef duga skal. Það vantar búsetuúrræði fyrir 180 manns. Þessi málaflókkur er í lamasessi og ef litið er til síðustu ára hefur hann verið meðal þeirra sem stillt er upp aftast í forgangsröðuninni.

Svar

Þann 24. ágúst 2017 samþykkti borgarráð uppbyggingaráætlun sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlaða einstaklinga. Uppbyggingaráætlunin er byggð á húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 – 2023. Um er að ræða áfangaskipta áætlun í þremur áföngum frá árinu 2018 til ársins 2030. Í áfanga I (2018 -2020) er gert ráð fyrir 80 – 90 íbúðum. Í áfanga II (2021-2025) 42 – 50 íbúðum og í áfanga III (2026 – 2030) 35 – 43 íbúðum. Í heildina eru þetta 157 – 183 íbúðir.

Í október 2019 eru 168 einstaklingar 18 ára og eldri á bið eftir húsnæði fyrir fatlað fólk hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Á tímabilinu 2016-2030 er verið að byggja

eða kaupa húsnæði fyrir 205 til 229 fatlaða einstaklinga. Er þá bæði um að ræða íbúðir í íbúðakjörnum og stakar íbúðir. Frá árinu 2016 til dagsins í dag hafa 52 einstaklingar fengið úthlutað nýju húsnæði sem byggt var á grunni uppbyggingaráætlunar. Auk þess sem úthlutað hefur verið í húsnæði sem hefur losnað á þessu tímabili. Ráðgjafar eru í sambandi við þá sem hafa sótt um húsnæði fyrir fatlað fólk og á meðan biðtíma stendur er reynt að mæta þörfum hvers og eins með stuðnings- og heimaþjónustu.